**Ed.** **693. Nefndarálit** [215. mál]

um frv. til l. um skattskyldu innlánsstofnana.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarp þetta á allmörgum fundum. Til fundar við nefndina hafa mætt fulltrúar frá Sambandi ísl viðskiptabanka, Sambandi ísl. sparisjóða, bankaeftirlitinu svo og bankastjórn Seðlabanka Íslands. Þá hafa nefndinni borist umsagnir, greinargerðir og bréf frá ofangreindum aðilum, Iðnaðarbanka Íslands hf., Verslunarráði Íslands og fleiri aðilum.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Leggur meiri hluti nefndarinnar til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 23. apríl 1982.

Ólafur Ragnar Grímsson, form.

Guðmundur Bjarnason, frsm.

Davíð Aðalsteinsson, með fyrirvara.

Gunnar Thoroddsen.